

komustaður stjórnarinnar, er hún kemur á fundi, skal vera í Suður-<sup>79</sup>  
Vík eða á elliheimilinu að Suður-Hvammi. Stjórnin kys sér formann<sup>18. sept.</sup>  
og gjaldkera. Hæfilega þóknun má stjórnin ákveða sér fyrir störf sín  
eða kostnað við þau, frá því er stofnunin tekur til starfa, ef ástæða  
og þörf þykir til, en að jafnaði vinnur hún kauplaust.

Tvo endurskoðendur sjóðsreikninganna kys sýslunefnd Vestur-  
Skaftafellssýslu á 5 ára fresti.

#### 9. gr.

Reikningsár sjóðsins og stofnunarinnar er almanaksárið, og skal  
stjórnin hafa lokið reikningum fyrir liðið ár á fyrsta ársfjórðungi næsta  
árs og þar með gert áætlun um reksturinn það árið.

#### 10. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og  
má henni aldrei breyta að efni til. Formsatriðum getur stjórn sjóðsins  
þó fengið breytt, ef hún öll er sammála um að rík nauðsyn beri til  
þess og dómsmálaráðuneytið samþykkir, enda komi þar til staðfesting  
konungs eftir venjulegum reglum.

## REGLUGJÖRÐ

um

**80**  
19. sept.

**viðbót við reglugjörð 7. júní 1921 fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjall-  
göngur og fjárskil.**

#### 1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 37. gr. fjallskilareglugjörðarinnar komi  
ný málsgrein svohljóðandi:

Oddviti sýslunefndar ákveður rekstrarmerkin í samráði við  
kaupendur fjárins, þannig að hver kaupandi fær sitt ákveðna rekstr-  
armerki, sem allt fé hans skal merkt með, og öllum öðrum er óheimilt  
að nota. Skal oddviti halda skrá yfir þá fjárkaupendur, sem hafa  
fengið löggilt rekstrarmerki, og ber þeim að gjalda 5 kr. árlega, er  
renni í sýslusjóð á meðan markið er notað. Skylt er og oddvita að  
tilkynna öllum hreppsnefndum sýslunnar og bæjarstjórn Akureyrar  
hin lögskráðu merki svo tímanlega á hverju sumri, að þau geti orðið  
auglýst fyrir almenningi áður en slátrun byrjar.

**80** Reglugjörð þessi sem sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir  
19. sept. samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, stað-  
festist hérmeð til að öðlast gildi 1. október 1929.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1929.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Vígfús Einarsson.*

**81**  
23. sept.

## AUGLÝSING

um

**staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Patrekshrepp í  
Barðastrandasýslu.**

Samkvæmt lögum nr. 18, 20. október 1905, sbr. lög nr. 7. 18. maí 1920, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð staðfest eftirfarandi lögreglusamþykkt fyrir Patrekshrepp í Barðastrandarsýslu.

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir

**Patrekshrepps í Barðastrandarsýslu.**

### I. KAFLI.

#### UM REGLU OG VELSÆMI Á ALMANNAFÆRI.

##### 1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða er ætlað til almennings afnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.